

Sp.

387. Fyrirspurnir.

[194. mál]

I. Til fjármálaráðherra um tollstöðvarbygginguna við Reykjavíkurhöfn.

Frá Einari Ágústssyni.

1. Hvenær má ætla, að tollstöðvarbyggingin við Reykjavíkurhöfn verði tekin í notkun?
2. Hvernig verður afnotum þess húss hagað, og hvernig verður aðstaða þar til tollskoðunar?
3. Hvað kostar þessi bygging fullgerð?

II. Til menntamálaráðherra um málefni iðnnema.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst menntamálaráðherra gera til þess að koma í veg fyrir, að námssamningar séu brotnir á iðnnemum með því að halda þeim atvinnu- og kauplausum langtímum saman?